

## **Betri hverfi – Íbúafundur með borgarstjóra**

Fundur í Réttarholtsskóla 21. janúar 2013 kl. 17:00

Fundarstjóri Hulda Steingrímsdóttir, Alta

Fundarpunkta ritaði Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta

### **Setning og inngangur fundar**

Fundarstjóri fór yfir markmið fundarins sem er annarsvegar að gefa íbúum tækifæri til að spyrja út í verkefnið Betri hverfi Reykjavíkur, eiga samtalið við borgarstjóra og starfsmenn; hinsvegar að safna hugmyndum íbúa fyrir verkefnið Betri hverfi sem kosið verður um í mars komandi.

Fundarstjóri fór yfir dagskrá og fyrirkomulag fundarins. Sviðsstjórar og borgarstjóri kynntu sig. Mættir frá Reykjavíkurborg: Jón Gnarr borgarstjóri, Ellý Katrín borgarritari, Ólöf Örvardsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR, Stella Víðisdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Berglind Ólafsdóttir frá menningar- og ferðamálasviði og Auður Árný Stefánsdóttir frá skóla- og frístundasviði.

Fundarstjóri vakti athygli á vefnum Betri Reykjavík þar sem tekið er við hugmyndum fyrir Betri hverfi, auk þeirra hugmynda sem verða til á fundinum.

### **Erindi Jóns Gnarr borgarstjóra**

Borgarstjóri bauð íbúa velkomna. Greindi frá verkefninu Betri hverfi: Hverfakvóti, skipting fjár milli hverfa og val á verkefnum með rafrænum kosningum um verkefni sem haldnar voru í fyrsta sinn í fyrra með persónulegum auðkennum. Alls 300 milljónir til ráðstöfunar í hverfapottum í fyrra og sama fjárhæð í ár.

Jón hóf erindi sitt á því að fara yfir málefni Háleitis- og Bústaðahverfis þar sem búa 14.000 íbúar. Nefndi ýmis gæði hverfisins eins og Fossvogsdal og Elliðaárdal og frábærar gönguleiðir. Hátt hlutfall íbúa eru eldri borgarar eða 17%. Þjónustumiðstöð er í Síðumúla og er hún stærsta þjónustumiðstöðin í borginni. Þar hefur m.a. verið unnið að kortlagningu á brottfalli ungmenna úr framhaldsskólum. Í hverfinu eru sjö leikskólar, 600 börn. Áhersla er á útikennslu og umhverfismennt. Frístundamiðstöðin Kringlumýri starfar í hverfinu. Skólar og frístundamiðstöðvar hafa sérhæft sig í þjónustu við fatlaða. Endurbætur á Breiðagerðisskóla standa yfir og verður þeim lokið næsta haust. Boltagerði sett upp við skólann í fyrra og endurbótum haldið áfram næsta sumar. Endurbætur á lóð Réttarholtsskóla og Klettaskóla. Í undirbúningi að endurgera lóð Fossvogsskóla. Oft spurt um sundlaug í Fossvogi en hópur á vegum borgarinnar er að skoða möguleika á samstarfi sveitarfélaganna og mögulega staðsetningu laugar. Áhugi á umhverfisvernd eykst almennt og nú er verið að innleiða bláu tunnuna í hverfum borgarinnar.

Áherslur aðalskipulagstillögu fyrir hverfið: Kaupmaðurinn á horninu endurlífgaður og skósmiður í hverju hverfi. Áhersla á þéttingu og blöndun byggðar.

Þvínæst fór borgarstjóri yfir framkvæmd verkefnisins Betri hverfi árið 2012. Íbúar í öllum hverfum sendu inn hugmyndir. Kosning var haldin í lok mars-byrjun apríl 2012 og kjósendur gerðu grein fyrir sér með veflykli. 8,1 % þátttaka. Kosningin var bindandi.

Borgarstjóri taldi upp tegundir verkefna sem settar voru fram hugmyndir um í Háaleitis- og Bústaðahverfi og kosið var um. Greindi einnig frá hvaða verkefni voru framkvæmd á grunni kosninganna (sjá nánar í ræðu borgarstjóra). Heildarkostnaður var um 34 milljónir króna.

Einhverjum kann að þykja að 300 milljónir séu e.t.v. ekki mikið en það er þó hæst í heimi í sambærilegum verkefnum miðað við höfðatölu.

Borgarstjóri telur framtíð í beinu lýðræði og mikilvægt að íbúar hafi áhrif með þátttöku í kosningum og leggi fram hugmyndir. Íbúar þekkja hverfið best.

**Fyrirspurnir og svör frá Facebook-hópi hverfisins (108 Reykjavík)** sem hafði sent inn fyrirspurnir fyrir fundinn. Ólöf Örvardóttir, sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, fór yfir spurningarnar og svör við þeim:

**Magnúsi Viðar Skúlason spyr:** Af hverju er ekki búið að malbika allar göturnar í Háagerðinu sem og í öðrum botnlöngum við Sogavegin.

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Botnlangarnir eru innan lóðar og eign íbúanna og þess vegna ekki malbikaðir af borginni (fyrir hrun veitti borgin styrk til framkvæmda í botnlöngum af þessum toga).

**Eiríkur Sigurðsson spyr:** Hver er stefna borgarinnar í sambandi við Bústaðavegin og hvað hyggst borgin gera til að auðvelda gangandi og hjólandi vegfarendum að komast yfir eða undir þann veg? Þrátt fyrir mjög víðtækan stuðning hverfisbúa við tillögu um undirgöng eða göngubrú, á betrireykjavik.is, hefur ekkert gerst í því máli.

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Bústaðavegurinn er til skoðunar gegnum ábendingavef – þar með undirgöng. Staðhættir eru erfiðir með tilliti til undirganga.

**Ómar Karl Jóhannesson spyr:** Tek undir með Eiríki. Víkingur er með aðstöðu neðan við Bústaðarveg og fjöldi iðkenda sem búa ofan við veginn. Hvað getur borgin gert í því að auka öryggi barna á leiðinni á Íþróttæfingar?

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Sama svar og að ofan.

**Helga Dögg Björgvinsdóttir spyr:** Inni á Betri Reykjavík er að finna tillögu um að koma upp hraðahindrunum í húsagötum í Fossvogi en umferðahraði í ákveðnum götum er langt umfram það sem eðlilegt og löglegt telst. Þessi hraðakstur stofnar lífi og limum barna í hættu. Hvar stendur þetta mál?

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Hraðahindranir í húsagötum í Fossvogi hafa verið til umræðu. Ekki hafa verið settar hraðahindranir í göturnar. Umferð er ekki mikil og ég minni á að það eru fyrst og fremst íbúarnir sjálfir sem aka um göturnar.

**Íris Rut Árnadóttir spyr:** Hvenær er von á hraðahindrun/þrengingu í Breiðagerði? Búið að vera svakaleg umferð þar undanfarið af stórum trukkum og einnig rútum sem keyra börnin í Hvassaleitisskóla meðan á framkvæmdum stendur við Breiðagerðisskóla.

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Prengingar í Breiðagerði eru á framkvæmdalista.

**Helga Dögg Björgvinsdóttir spyr:** Of langt er á milli ljósastaura við göngustíginn í dalnum sem veldur því að foreldrar telja ekki óhætt að láta börn ganga eftir stígnum þegar myrkur er á morgnana. Börnin ganga því frekar húsagötur þar sem bílar eru einnig á ferð. Hyggst borgarstjórinn gera eitthvað til að bæta úr lýsingu á göngustígnum?

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur sem annaðist hönnun lýsingarinnar eru gerðar þær lýsingarkröfur varðandi hönnun lýsingarinnar sem gilda um almenna útivistarstíga. Sjálfsgagt að skoða betur. Starfsmenn borgarinnar fóru og könnuðu lýsingu á svæðinu og greindu m.a. hvar eru skuggar og verður þetta kortlagt nánar.

**Helga Dögg Björgvinsdóttir spyr:** Gangstígar í Fossvogi eru víða mjög illa farnir vegna asparróta sem hafa komið upp úr stéttum, bæði malbikuðum og hellulögðum og valda sprungnar gangstéttir víða slyshættu. Er von til þess að bætt verði úr þessu í náninni framtíð?

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Aspirnar koma í mjög mörgum tilfellum frá lóðum borgaranna. Það þýðir að borgarinn ber ábyrgð á þeim trjám sem þeir eiga og þeir í raun að borga kostnaðinn sem verður á gangstétt vegna þeirra. Þetta hefur hinsvegar verið gert á okkar kostnað. En ábyrgð eigandans er hinsvegar skýr. Aspir í borgarlandi ber borgin á.

Það hefur verið gerð ástandsskráning á gönguleiðum á síðasta ári og það er nokkuð mikið af gangstéttum sem eru komnar í nokkuð mikla viðhaldsþörf. Staðreyndin er hinsvegar sú að niðurskurður hefur verið mjög mikill og ekki hægt að sinna því viðhaldi sem vex og vex nú ár frá ári og kostnaðurinn eykst nokkuð.

Á fjárfestingaáætlun þessa árs er gert ráð fyrir 100mkr til endurnýjunar og upphitunar gönguleiða í eldri hverfum borgarinnar og sama fjárhæð er tilgreind í 5 ára áætlun fyrir árið 2014. Fjármagn til viðhalds gönguleiða í borginni er skv. fjárhagsáætlun þessa árs áætlað 66mkr.

**Anna María Valtýsdóttir spyr:** Hver eru svör borgarinnar við hugmyndum um sundlaug í Fossvogsdal? Börn í Fossó og Réttó hafa alltaf þurft að sækja skólasund út úr 108 á meðan sundlaugar hafa verið reistar í nýrri hverfum.

**Ólöf Örvardóttir:** Unið er að nýju aðalskipulagi og er sundlaug þar til skoðunar. Hópur er að störfum sem skilar af sér innan skamms.

**Helga Dögg Björgvinsdóttir spyr:** Hvenær má eiga von á sparkvelli (gervigrasvelli) við Fossvogsskóla?

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Stefnt er að því að fara í framkvæmdir við boltagerði við Fossvogsskóla árið 2013.

**Fyrirspurnir úr sal:**

**Ingibergur Elíasson:** Þakkar fyrir fund. Fagnar fiskbúð í hverfinu en segir að henni fylgir mikil umferð. Spyr hvort hægt sé að gefa versluninni meiri pláss fyrir bílastæði? Annað: Eldri borgarar fara gjarnan út að ganga en oft eru runnar og tré að ýta fólki út á götuna. Á ekki að gera eitthvað í þessu?

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Tek ábendinguna til skoðunar. Vildum ekki hafa of mörg bílastæði því að það hvetur fólk í hverfinu ekki til að ganga. En munum skoða. Varðandi runna og gróður fyrir utan

lóðamörk þarf að fara í átak við að kynna það að fólk hemji gróður sinn þannig að hann sé ekki til trafala fyrir gangandi og hjólandi.

**Jóna Sigríður Jónsdóttir:** Spyr um framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru við Réttarholtsskóla. Norðan við skólann er allt í niðurníðslu. Þar var ekki hreinsað eða slegið gras allt síðasta sumar.

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Tek þetta svæði til skoðunar. Er ekki á áætlun.

**Þróstur Guðmundsson:** Spyr um hesthúsin sem áttu að hverfa þegar gerður var samningur við Fák fyrir mörgum árum. Hvenær fara þau? Þau eru slysigildra og lítt til prýði. Bendir einnig á að svæði sem gjarnan er notað fyrir stóra bíla og vinnutæki en þar þarf að snyrta og skipuleggja betur.

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Hesthúsin eru víkjandi samkvæmt skipulagi. Ekki komin dagsetning. Get skoðað.

**Björn:** Mengunarypittur við mót Réttarholtsvegur og Miklubrautar. Er hægt að gera eitthvað við hljóðmengun? Stendur til að gera eitthvað?

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Mælingastöð loftmengunar er á Grensásvegi. Einnig komin ný færanleg tæki til að mæla loftmengun. Hefur verið rætt. Hvaða svæði ert þú nákvæmlega að tala um?

**Björn:** Er að horfa á svæðið á móts við Hagkaup. Mældi sjálfur og hávaðinn er 3-4 flokkum yfir mörkum. Spyrnt er á bílum á næturnar. Strætó línan fyrir neðan jók hraða á öðrum bílum.

**Ólöf Örvardóttir:** Erum að klára aðalskipulagið. Förum síðan í hverfisskipulag þar sem umhverfismál og umferðarmál o.fl. verður skoðað.

**Rúna:** Spyr um húsnæði Háaleitisskóla við Breiðagerði; er búið að taka ákvörðun um hvað gera eigi við húsið til framtíðar?

**Auður Árný svarar:** Ekki er búið að taka ákvörðun. Er notað í dag fyrir kennslu barna í Breiðagerðisskóla. Ekki hægt að segja hvenær er von á svörum.

**Rúna spyr** einnig um göngustíg frá austurborg í átt að Hvassaleitisskóla. Norðanmegin við Austurveg. Gatan virðist ekki vera á skipulagi sem gata. Ekki er hægt að ganga nema í gegnum Austurveg. Mikill akstur og umferðaröngþveiti er þarna þegar er t.d. jarðarför. Af hverju er gatan ekki á skipulagi Reykjavíkurborgar, þetta er aðkoma að leikskóla og gönguleið að skóla og til Kringlu?

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Gönguleiðin er á lista yfir gönguleiðir skólabarna sem er á framkvæmdalista í sumar.

**Anna Helga spyr:** Er ekki hægt að láta umferðina vera víkjandi úr botnlöngunum? Umferð eftir Breiðagerði er hröð. Setja biðskyldu á botnlangana. Átak verði í að sekta þá sem aka of hratt. Vill líka fá meiri ljós á göngustíg fyrir ofan Heiðargerðið. Hreinsa til og taka sandkassa í burtu, sbr. sprautur og nalar sem þar eru.

**Ólöf Örvardóttir** biður Stefán Finnsson umferðarverkfræðing að koma upp til að aðstoða við að svara. Stefán segir að á götunum sé 30 km hraði og hraðahindranir nú þegar. Forðast sé að setja biðskyldu í 30 m götur þar sem það eykur hraðann þegar fólk veit að það er í rétti.

**Nanna spyr:** Erum innrömmuð af stórum umferðaræðum. Er einhverjar breytingar á Grensásvegi fyrirhugaðar til að draga úr umferð og hraða, sbr. umferð skólabarna til Réttarholtsskóla. munur á íþróttaiðkun eftir því hvoru megin við Grensásveg börn búa.

**Stefán Finnsson:** Grensásvegur er á framkvæmdalista, þ.m.t. ein akrein í hvora átt og hjólarein. Bústaðavegur er erfiður bæði hvað varðar undirgöng og brú. Það helsta sem væri hægt að gera er að styrkja gönguleiðir sem eru til staðar og halda niður hraðanum.

**Nanna:** Viðhald vantar á sparkvelli; t.d. að bera á og gera við mörk. Hver ber ábyrgð á því? Búin að setja á verkefnablað til að setja inn á Betri Reykjavík.

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Viðhald á sparkvöllum er á könnu borgarinnar. Þarf að setja á viðhaldsáætlun. Læt kíkja á.

**Ásta:** Gæsla í Háagerðisskóla fyrir Breiðagerðisskóla, en hvar eru bílastæðin fyrir hana og hver er aðkoman að húsinu, en það telst til Háagerðis. Mikil umferð í kringum þetta en öllum börnum er ekki ekið í skóla.

**Auður Árný svarar:** Í skoðun hefur verið að breyta aðkomu að Breiðagerðisskóla. Gert er ráð fyrir að gera hringakstur að gæslunni norðanmegin við skólann, sleppistæði og bílastæði.

**Jóhanna:** Búið í hverfinu síðan 1982 og þekki hvernig hljóðvist hefur breyst. Mörg bréf til borgarinnar og margir fundir varðandi hljóðvist í Rauðagerði en hef ekki fengið nein svör. Óska eftir að vita hvað stendur til að gera varðandi hljóðvist í hverfinu?

**Ólöf Örvardóttir:** Þekki umræðuna í Rauðagerðinni. Var í undirbúningi 2007. Skal athuga í hvaða farvegi málið er nú. Verður kynnt vel fyrir íbúum áður en farið af stað. Þarf að draga málið upp og koma því í farveg með íbúum.

**Guðrún Kristín:** Bendir á að tilboð er í fiskbúðinni. Ljós á Bústaðavegi - Grensás – verður að minnka eyjuna því stundum komast ekki nema 3-4 bíla yfir til að beygja.

**Stefán Finnsson svarar:** Þurfum að skoða. Tökum til okkar.

**Guðrún Kristín:** Réttarholtsvegur – Hæðargarður. Verið að leggja báðu megin en ekki er pláss fyrir það. Skapar hættu. Má minnka grasið og setja bílastæði í staðinn?

**Ólöf Örvardóttir svarar:** Að fjölga bílastæðum þar sem nú er gras er þvert á stefnu borgarinnar en punkta hjá mér og skoða.

**Guðrún Kristín bendir á:** Hægt að hafa grasmottur.

**Elsa bendir á:** Mótmælir því að umferð verði gerð greiðari þar sem hraði eykst þá í götunni.

**Guðrún Kristín:** Bendir á misrétti barna í grunnskólum. Dæmi: Skólaferðir á Reyki. Sumum skólum neitað um að fara á meðan aðrir skólar fara. Hvernig stendur á þessu?

**Auður Árný svarar:** Misjafnt eftir skólum hvort farið er að Reykjum. Skólar geta ákveðið. Kostað af foreldrum. Skólar greiða gæslu og kennurum og misjafnt hvort skólar hafa ráð á.

**Lena bendir á:** Foreldrar hafa boðist til að greiða gæslu.

**Auður Árný svarar:** Skil ekki hversvegna þá ekki er orðið við ósk foreldra. Skal aðstoða við að ræða við skólafólk um það. Finnst eðlilegt að skólastjórnendur taki óskir foreldra til greina. Skal taka málið upp á mína arma.

**Hörður, formaður hverfaráðs:** Fyrir 11 árum var skólastjóri margsaga um hvers vegna nemendur fengu ekki að fara í Reykjaskóla. Ótækt að þetta sé enn vandamál. Verður tekið upp af hverfisráði.

**Hrafnhildur:** Einu ljósin í borginni sem eru með litlu ljósi í hæð fólksbíla. Sést illa.

**Stefán Finnsson svarar:** Slík ljós eru á tveimur stöðum í borginni. Ástæðan er sú að beygjuljós er bara fyrir aðra áttina. Mótljósunum er sleppt því þegar þau skipta yfir í rautt þá er áfram grænt fyrir þá sem eru á móti.

### **Borgarstjóri fer yfir spurningar sem fram hafa komið**

Jón Gnarr steig í pontu og þakkaði fyrir góðar fyrirspurnir, hugmyndir og hugleiðingar. Segir að honum verði æ ljósara hver eru aðalatriði og aukaatriði og hvar/hvernig hlutirnir tengjast. Lítur svo á að samgöngumenning sé stærsta verkefnið í borginni. Hvernig sú menning er hefur áhrif á allt okkar daglega líf; einkum notkun á einkabílum og notkun hans. Hvað hann fær mikið pláss. Finnst bílum skaffað allt of mikið pláss. Eigum skilið meira pláss og börn og ástvinir eiga ekki að þurfa að óttast um líf sitt vegna forgangs einkabílsins. Hjólreiðamenn tala stundum um að þeir séu óöruggir um hvar megi hjóla og hundaeigendur er stundum óöruggir hvar megi vera með hunda. Á bíl máttu hinsvegar alls staðar vera. Þetta er ekki alveg rétt og á ekki að vera svoleiðis. Þurfum að skapa jafnvægi. Hverfafundirnir hafa sýnt að samgöngumálin er íbúum mjög hugleikin.

Reykjavíkurborg er hins vegar ekki alvald þegar kemur að umferðarmálum. Þarf að vinna í sátt við íbúa, lögregluna og Vegagerðina. Þurfum einnig að vinna eftir umferðarlögum. Erum að vinna eftir úreltum lögum sem hafa verið í endurskoðun í átta ár. Hjólreiðastígur er ekki til dæmis ekki skilgreindur í umferðarlögum. Veldur oft óþarfa óþægindum. Einlægur vilji að leiða mál til lykta. Umferðarmenningin á eftir að breytast mikið á næstu árum. Fjölbættari samgöngumenning; aukning í hjólreiðum og almenningsamgöngum. Einkabíllinn hefur of mikinn rétt ennþá.

Höfum sett á fót hóp sem á að skoða möguleika á sundlaug í Fossvogsdal. Blóðugur niðurskurður í borgarkerfinu eftir hrun en hagur Strympu er að vænkast.

Verið að bæta lýsingu víða. Gláður að heyra kvartanir yfir öspum. Tignarlegt tré sem veitir gott skjól en á að vera fjarri öllum mannabústöðum. Vaxandi meðvitund um gróður og meiri trú á hvað getur vaxið.

Umferðarpunginn á Miklubraut. Margar ástæður fyrir hljóðmengun; mikil umferð og nagladekk. Ný og betri dekk. Ríkið á Miklubraut; þjóðvegur í borg. Á eftir að lagast með breyttri samgöngumenningu.

Framkvæmdir á skólalóð Réttarholtsskóla. Tel að því hafi verið svarað og verði skoðað.

Planið við Bústaðavegin ætti að nota í annað en vörubíla. Það hefur verið þarna síðan ég bjó í hverfinu.

Umferðarhraði í botnlöngum og hraðakstur almennt. Mikill vilji borgaryfirvalda að draga úr umferðarhraða.

Viðhald sparkvalla verður skoðað.

Ljósín á Bústaðavegi. Hefur verið svarað.

Mismunur barna varðandi Reyki. Kemur á óvart. Skal athuga og fylgja eftir.

Þakkar fyrir góðan fund og ánægður með hvað margir mæta.

### **Hilmar kynnir verkefnið Betri hverfi**

Greindi frá að pottur hverfisins er 34 miljónir líkt og í fyrra. Hvatti fólk til að leita í þjónustumiðstöð ef það vantar aðstoð við að setja fram hugmyndir um betri hverfi. Hvatti fundargesti einnig til að ganga um hverfið og spá í hvar má bæta og breyta.

Sagði að hægt væri að setja hugmyndir á vef til 15. febrúar nk. Útskýrði síðan hugmyndavefinn um Betri hverfi. Fór í gegnum helstu upplýsingar sem eru á honum og hvernig hægt er að setja inn hugmyndir. Markmiðið er að boðið verði upp á 30 hugmyndir í hverju hverfi í kosningum í lok mars.

Fundarmönnum var síðan boðið upp á að fylla út verkefnisseðla til að lýsa hugmyndum sem rata síðan í pott Betri hverfa. Sviðsstjórar og starfsmenn Reykjavíkurborgar voru á staðnum til að aðstoða og svara spurningum.

Í lokin dró Hilmar í verkefnahóp hverfisins með aðstöðu Önnu Kristinsdóttur mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar. Eftirfarandi nöfn voru dregin út : Björn Ágústsson , Lena Lenharðsdóttir og Bergný Jóna.

Fundi slitið kl 18:45.

*Hugmyndir að nýjum verkefnum í hverfinu sem fram komum á fundinum verða settar inn á vefinn Betri Hverfi á Betri Reykjavík. Þar er einnig hægt að bæta við nýjum hugmyndum að verkefnum fyrir Háaleiti og Bústaði.*